

S A M Þ Y K K T**fyrir Veiðifélag Skálavíkur, Norður-Ísafjarðarsýslu.****1. gr.**

Félagið heitir Veiðifélag Skálavíkur.
Heimili þess og varnarþing er í Bolungarvík.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Skálavíkur í Hóls-
hreppi, en þær eru Minni-Bakki, Meiri-Bakki, Breiðaból, Krofstaðir, Meira-Hraun
og Minna-Hraun.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja
það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu
þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig,
að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn
eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur
skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið
í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í
senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað
árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær
menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum
tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og
hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi
félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða
kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í maímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá
störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta
ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fund-
urinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í
gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá,
arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.
Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsvæði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsvæði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. mars 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

25. mars 1974.

Nr. 147.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Gríshólsár og Bakkaár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Gríshólsár og Bakkaár í Helgafellssveit. Heimili þess og varnarþing er Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Gríshólsá og Bakkaá, en þær eru Gríshóll, Staðarbakki, Sólbakki, Arnarstaðir, Skjöldur, sveitarsjóður Helgafells-sveitar v/Króksengis, Drápuhlíð ytri, Drápuhlíð innri og Efríhlíð, en úthagaland þeirra þriggja síðasttöldu er sameiginlegt.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í septembermánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta